

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ráðningar í stöðu dómara.

1. *Hvaða stöður dómara við Hæstarétt og héraðsdóma hafa losnað sl. fimm ár?*
2. *Hve margir sóttu um hverja dómastöðu, skipt eftir kyni?*
3. *Hvernig var hver umsagnarnefnd fyrir sig skipuð, skipt eftir kyni, við ráðningu í hverja stöðu í héraðsdómi á þessu tímabili?*

Á tímabilinu hefur losnað ein staða hæstaréttardómara og átta stöður héraðsdómara.

Fjöldi umsækjenda um þessar stöður og skipting þeirra, auk umsagnarnefnda, eftir kyni var eftirfarandi:

Hæstiréttur (2000): 4 umsækjendur, 1 karl og 3 konur.

Héraðsdómur Reykjavíkur (1996): 17 umsækjendur, 9 konur og 8 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Austurlands (1997): 7 umsækjendur, 6 karlar og 1 kona, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Reykjaness (1997): 10 umsækjendur, 4 konur og 6 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Suðurlands (1997): 9 umsækjendur, 4 konur og 5 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Vestfjarða (1998): 2 umsækjendur, karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Suðurlands (1998): 8 umsækjendur, 3 konur og 5 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Reykjavíkur (1999): 13 umsækjendur, 6 konur og 7 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 3 körlum.

Héraðsdómur Suðurlands (1999): 13 umsækjendur, 6 konur og 7 karlar, umsagnarnefnd var skipuð 2 körlum og 1 konu.

4. *Hve margar konur skipa stöðu dómara við Hæstarétt og héraðsdóma og hve hátt hlutfall er það af heildarfjölda dómara og við hvern dómstól fyrir sig?*

Í Hæstarétti skipar 1 kona stöðu dómara og 8 karlar, 11% konur, 89% karlar.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur situr 21 dómari, 8 konur og 13 karlar, 38% konur, 62% karlar.

Í Héraðsdómi Vesturlands situr 1 karl.

Í Héraðsdómi Vestfjarða situr 1 karl.

Í Héraðsdómi Norðurlands vestra situr 1 karl.

Í Héraðsdómi Norðurlands eystra sitja 2 karlar.

Í Héraðsdómi Austurlands situr 1 karl.

Í Héraðsdómi Suðurlands sitja 3 dómara, 1 kona og 2 karlar, 33% konur og 67% karlar.

Í Héraðsdómi Reykjaness sitja 7 dómara, 1 kona og 6 karlar, 14% konur, 86% karlar.